



Fjölbrautaskóli Suðurlands

# YNDISLESTUR ÍSLE3YL05

Kennsluáætlun – vorönn 2019

## Kennari áfangans:

Guðbjörg Grímsdóttir (GGR)

## Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem hafa áhuga á lestri. Megináhersla er lögð á upplifun og skilning og að nemendur lesi sér til ánægju. Nemendur fá bókalista og velja sér fimm verk til að lesa. Þeir gera svo grein fyrir skáldsögunum munnlega í sérstökum viðtalstímum. Að auki halda nemendur lesdagbók, vinna verkefni á Innu og skrifa tímaritgerð úr einni af þeim bókum sem þeir lesa.

## Markmið áfangans:

### Þekking

#### Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru
- helstu einkennum íslensks máls sem nýtast honum í ræðu og riti
- orðaforða sem nægir til að lesa til gagns og ánægju

### Leikni

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja algeng stílbrögð í tal- og ritmáli
- að lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk og fjalla um inntak þeirra
- nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra
- að flytja af öryggi kynningar, endursagnir og lýsingar á bókmenntum
- nýta sköpunargáfu við vinnslu verkefna

### Hæfni

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- túlka texta þó merking liggi ekki á yfirborðinu
- vinna að skapandi verkum í tengslum við námsefnið
- beita skýru og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- byggja upp skýra röksemdafærslu og komast að niðurstöðu

## Kennslubækur og kennslugögn

Lesdagbók (val um að hafa stílabók eða tölvuunna)

Bækur af lista og annað efni frá kennara

## Vægi námsþátta í vetrareinkunn

30% Lesdagbók, vangaveltur og hugleiðingar

50% Viðtöl, valbækur

10% Verkefni á Innu

10% Tímaritgerð

## Kröfur og verkefnaskil

- Áfanginn er próflaus og þarf nemandi að skila **öllum** verkefnum áfangans á **réttum** tíma.
- Nemendur þurfa að skrá sig í viðtöl og mæta til að gera grein fyrir þeim bókum sem lesnar voru.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt og ekki skila inn verkefnum sem koma frá öðrum. Verði nemandi uppvís að slíku fær hann verkefni sitt ekki metið til einkunnar.

## YNDISLESTUR – VINNUÁÆTLUN FYRIR VORÖNN 2019

DAGSETNING	HVAÐ Á AÐ GERA?
7. – 11. jan	Kynning áfangans. Lestur hefst. Nemendur setja upp lesáætlun og skila. Bókmenntahugtök kynnt og verkefni unnin úr þeim. <b>Lestur bókar 1 hefst.</b>
14. – 18. jan	Ígrundanir og túlkanir skráðar í lesdagbókina.
21. – 25. Jan	Bók 1 skilað í viðtali hjá kennara. <b>Verkefni á Innu unnin.</b> Lestur bókar 2 hefst.
28. jan – 1. feb	
4. – 6. Feb	
11. – 15. feb	Bók 2 skilað í viðtali hjá kennara. <b>Verkefni á Innu unnin.</b> Lestur bókar 3 hefst. <b>Lesdagbók skilað.</b>
18. – 22. feb <b>KÁTIR DAGAR OG FLÓAFÁR</b>	
25. feb – 1. mars <b>MÍÐANNARMAT</b>	
4. – 8. mars <b>ÁFANGAMESSA</b>	Bók 3 skilað í viðtali hjá kennara. <b>Verkefni á Innu unnin.</b> Lestur bókar 4 hefst.
11. – 15. mars <b>VALDAGUR</b>	
18. – 22. mars	
25. – 29. mars	Bók 4 skilað í viðtali hjá kennara. <b>Verkefni á Innu unnin.</b> Lestur bókar 5 hefst. <b>Lesdagbók skilað.</b>
1. – 5. apríl	<b>Ritgerð úr einni af þeim bókum sem lesnar hafa verið.</b>
8. – 12. apríl	
14. – 19. apríl <b>PÁSKAFRÍ</b>	
21. – 26. apríl <b>SUMARDAGURINN FYRSTI</b>	
29. apríl – 3. maí <b>VERKALÝÐSDAGURINN</b>	Bók 5 skilað. <b>Verkefni á Innu unnin.</b> <b>Lesdagbók skilað.</b>
6. – 10. maí	<b>Uppsóp.</b>
13. – 17. maí	<b>NÁMSMAT (Útskrift 25. maí)</b>

Gert með fyrirvara um breytingar,  
F.Su., 4. janúar 2019

Guðbjörg Grímsdóttir  
[gudbjorg10@gmail.com](mailto:gudbjorg10@gmail.com)